

FUM Félag um menntarannsóknir

FUNDARGERÐ aðalfundar 2010

Aðalfundur FUM, *Félags um menntarannsóknir*, var haldinn föstudaginn, 26. mars 2010, kl. 13.00, í stofu K-207 í húsi Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð, Reykjavík.

Formaður, Steinunn Helga Lárusdóttir, stýrði fundi. Hún bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá.

Tekið fyrir:

1. Ársskýrsla félagsins 2009 til 2010.

Formaður dreifði og kynnti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2009 til 2010 (sjá fylgiskjal 1). Hún fjallaði m.a. um fulltrúa í stjórn; markmið félagsins; stjórnarfundir (nú fundir á tímabilinu); vef félagsins (Edda Kjartansdóttir, hjá SRR, mun uppfæra vefinn og Brynja Dís Björnsdóttir mun halda honum við á næsta starfsári); ráðstefnu FUM þann 27. ferbrúar sl. (þema var menntarannsóknir og þróunarstarf í skólum, aðalfyrirlesari var dr. Megan Crawford, málstofur voru 55 og þátttakendur um 100 manns); tímarit um menntarannsóknir, TUM (er komið á vefinn; 6. árg. kom út í nóv. sl. Háskólaútgáfan hefur tekið að sér umsjón með útgáfu ritsins); póstlistann; námskeið sem félagið hélt fyrir rannsóknarfólk (Power Point, Nvivo og EndNote); iðorðanefndina sem starfar á vegum félagsins og fleiri aðila; og stefnu og framkvæmdaáætlun fyrir næsta starfsár.

Umræða um ráðstefnu, m.a. um form hennar, lengd, vikudag og hugsanlegt samstarf við aðra um ráðstefnuhald. Einnig var rætt um tímaritið og dreifingu þess. Loks var rætt um aðgerðir til að fjölga félagsmönnum og þátttöku nemenda í rannsóknartengdu framhaldsnámi í starfi félagsins.

2. Ársreikningur félagsins 2009.

Gjaldkeri félagsins, Svanhildur Sverrisdóttir, dreifði rekstraryfirliti FUM fyrir tímabilið 01.01.2009 til 31.12.2009 og gerði grein fyrir stöðu reikningsins (sjá fylgiskjal 2). Staðan í lok árs var kr. 687.512 -. Skoðunarmenn reikninga voru Amalía Björnsdóttir og Hafþór Guðjónsson. Reikningurinn samþykktur.

3. Félagsgjöld.

Formaður flutti tillögu stjórnar um að félagsgjöld yrðu óbreytt næsta ár (hafa verið óbreytt frá árinu 2005), eða kr. 3.500.-. Tillagan samþykkt.

4. Kosning stjórnar.

Formaður greindi frá því að tveir stjórnarmenn gengju nú úr stjórn, þau Gerður G. Óskarsdóttir og Meyvant Þórólfsson. Formaður kynnti tillögu stjórnar um að Gretar L. Marinósson og Almar Halldórsson sem voru varamann taki nú sæti í stjórninni sem aðalmenn. Tillagan samþykkt. Formaður lagið til að Brynja Dís Björnsdóttir og Árni Guðmundsson yrðu varamenn í stjórn. Tillagan samþykkt.

Loks bar formaður fram þá tillögu að Hafþór Guðjónsson og Amalía Björnsdóttir yrðu skoðunarmenn reikninga. Tillagan samþykkt.

Formaður þakkað fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið og fundarmönnum fundarsetuna. Hún sleit fundi kl. 14:20.